

Lög

um Umhverfis- og orkustofnun.

1. gr.

Yfirstjórn.

Umhverfis- og orkustofnun er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra.

Innan Umhverfis- og orkustofnunar skal starfa sérstök eining sem nefnist Raforkueftirlitið. Raforkueftirlitið er sjálfstætt í störfum sínum þegar það sinnir raforkueftirliti samkvæmt raforkulögum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra.

2. gr.

Forstjóri o.fl.

Ráðherra skipar forstjóra Umhverfis- og orkustofnunar til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamennun sem nýtist í starfi. Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi stofnunarinnar og annast rekstur hennar.

Forstjóri ber ábyrgð á:

- a. að stofnunin starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og stefnu stjórnvalda,
- b. fjárréiðum stofnunarinnar og reikningshaldi,
- c. að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt og í samræmi við ársáætlun,
- d. að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma séu í samræmi við fjárveitingar og gerð ársáætlunar fyrir stofnunina í heild,
- e. ráðningu starfsfólks og fer með yfirstjórn starfsmannamála.

Ráðherra skipar skrifstofustjóra Raforkueftirlitsins til fimm ára í senn. Ber hann faglega og stjórnunarlega ábyrgð á rekstri Raforkueftirlitsins. Sama einstakling er aðeins hægt að skipa skrifstofustjóra Raforkueftirlitsins tvisvar sinnum. Við skipun í embætti skrifstofustjóra Raforkueftirlitsins skal ráðherra skipa þriggja manna nefnd til að meta hæfni umsækjenda um embættið. Niðurstaða hæfnisnefndar er ráðgefandi við skipun í embætti.

Umhverfis- og orkustofnun skal árlega gera áætlun um störf stofnunarinnar, birta skýrslu um starfsemi sína og setja sér stefnu til lengri tíma um starfsemi og meginverkefni stofnunarinnar í samræmi við ákvæði laga um opinber fjármál.

Ráðherra setur í reglugerð, að höfðu samráði við Umhverfis- og orkustofnun, nánari ákvæði um skipulag stofnunarinnar, þ.m.t. staðsetningu starfsstöðva hennar með það að markmiði að fjölga störfum á landsbyggðinni.

3. gr.

Hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar.

Umhverfis- og orkustofnun fer með stjórnsýslu og eftirlit sem og önnur verkefni á sviði loftslags-, umhverfis- og orkumála og málefna auðlindanýtingar. Stofnunin skal í starfsemi sinni vinna að lögbundnum markmiðum og stefnu stjórnvalda hverju sinni og eftir atvikum leitast við að hafa samráð við stofnanir sem tengjast starfsemi hennar sem og aðra aðila.

Málefni sem falla undir starfsemi Umhverfis- og orkustofnunar eru eftirtalini:

1. Efnamál.
2. Erfðabreyttar lífverur.
3. Fráveitumál.
4. Hollustuhættir.
5. Hringrásarhagkerfi og úrgangsmál.
6. Jöfnun kostnaðar við húshitun og dreifingu raforku.
7. Leit, rannsóknir og vinnsla orku og annarra auðlinda í jörðu og á, í eða undir hafslotni.
8. Mengunarvarnir.
9. Orkuskipti.
10. Orkusparnaður og nýting orku.
11. Hitaveitur.
12. Loftgæði, þ.m.t. losunarbókhald yfir loftmengunarefni.
13. Loftslagsmál, þ.m.t. losunarbókhald Íslands yfir gróðurhúsalofttegundir og viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.
14. Raforkumarkaður.
15. Stjórn vatnamála.
16. Umhverfisábyrgð.
17. Umhverfisvottanir og sjálfbær neysla.
18. Upprunaábyrgðir.
19. Varnir gegn mengun hafs og stranda.
20. Vatnsréttindi og nýting og aðgangur að vatni.
21. Verndar- og orkunýtingaráætlun.
22. Vinnsla, flutningur, dreifing og viðskipti með raforku.
23. Öryggi raforkukerfisins.

4. gr.

Verkefni Umhverfis- og orkustofnunar.

Umhverfis- og orkustofnun veitir ráðherra ráðgjöf og aðstoð við undirbúning að stefnumótun, áætlunum og setningu laga og stjórnvaldsfyrirmæla á starfssviði sínu. Stofnunin veitir einnig öðrum stjórnvöldum ráðgjöf og umsagnir um slík málefni í samræmi við lög.

Önnur helstu verkefni Umhverfis- og orkustofnunar eru eftirtalin eins og nánar greinir í ákvæðum laga þar um:

1. Ákvarðanir um útgáfu leyfa og beiting sambærilegra heimilda auk annarrar stjórnsýslu.
2. Eftirlit með framfylgd laga og annarra stjórnvaldsfyrirmæla.
3. Fræðsla og leiðbeiningar ásamt söfnun og miðlun upplýsinga.
4. Gerð og framfylgd áætlana og skýrslna.
5. Samræming heilbrigðiseftirlits.
6. Viðbrögð við bráðamengun á hafi.
7. Umsjón með vöktun tiltekinna umhverfisþátta.

8. Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi á starfssviði stofnunarinnar.
9. Önnur verkefni samkvæmt sérögum, stjórvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

5. gr.

Hlutverk Raforkueftirlitsins.

Hlutverk Raforkueftirlitsins er eftirfarandi:

- a. að sinna raforkueftirliti samkvæmt raforkulögum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra,
- b. að vera stjórnvöldum til ráðgjafar og umsagnar um raforkumál,
- c. að annast önnur verkefni sem Raforkueftirlitinu eru falin samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

Til að tryggja sjálfstæði sitt, gagnsæi og jafnræði við raforkueftirlit skal Raforkueftirlitið setja sér starfsreglur og birta þær almenningi.

Raforkueftirlitið skal vera sjálfstæð eining innan Umhverfis- og orkustofnunar sem rekin er fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi stofnunarinnar.

6. gr.

Valdheimildir, stjórnsýsluviðurlög, gjaldtökuhheimildir, framsal eftirlits o.fl.

Um valdheimildir Umhverfis- og orkustofnunar, beitingu stjórnsýsluviðurlaga, gjaldtökuhheimildir, heimildir til að krefjast endurgreiðslu á útlögðum kostnaði stofnunarinnar og heimildir til að gera samninga við faggilta skoðunaraðila eða aðra um framkvæmd tiltekinna verkefna eða eftirlits fer eftir ákvæðum annarra laga sem stofnunin starfar eftir.

7. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2025 og tekur þá Umhverfis- og orkustofnun til starfa. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um Orkustofnun, nr. 87/2003, og Orkustofnun er lögð niður, ásamt embætti orkumálastjóra. Umhverfis- og orkustofnun tekur við hlutverki, verkefnum, réttindum og skyldum, eignum og skuldbindingum Orkustofnunar og þess hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar er lýtur að umhverfis- og loftslagsmálum.

Þrátt fyrir 1. mgr. öðlast ákvæði 3. mgr. 2. gr. gildi 1. janúar 2026.

8. gr.

Breyting á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um loftslagsmál, nr. 70/2012:* Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 1. og 2. málsl.
 2. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna í öllum beygingarföllum annars staðar í lögunum, að undanskildum ákvæðum til bráðabirgða III og V, kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.
2. *Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998:*
 - a. Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 1. og 19. mgr. 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna í öllum beygingarföllum annars staðar í lögunum, þ.m.t. í fyrirsögnum greina og viðaukum laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.
 - b. Í stað orðanna „Orkustofnunar og Brunamálastofnunar“ í 2. málsl. 33. gr. laganna kemur: og Húsnaðis- og mannvirkjastofnunar.
3. *Efnalög, nr. 61/2013:* Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ tvívegis í 5. gr. laganna og sama orðs hvarvetna í öllum beygingarföllum annars staðar í lögunum, þ.m.t. í fyrirsögn-

- um greina, að undanskildu ákvæði til bráðabirgða VI, kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.
4. *Lög um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996:* Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 2. mgr. 5. gr. laganna og sama orðs hvarvetna í öllum beygingarföllum annars staðar í lögnum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.
 5. *Lög um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum, nr. 40/2015:* Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna og sama orðs hvarvetna í öllum beygingarföllum annars staðar í lögnum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.
 6. *Lög um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003:* Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 2. og 3. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna í öllum beygingarföllum annars staðar í lögnum, að undanskildu ákvæði til bráðabirgða I, kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.
 7. *Lög um stjórн vatnamála, nr. 36/2011:*
 - a. Í stað orðsins „Umhverfisstofnunar“ í b-lið 1. mgr. 6. gr. laganna og sama orðs hvarvetna í öllum beygingarföllum annars staðar í lögnum, þ.m.t. í fyrirsögnum greina, kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.
 - b. Orðið „Orkustofnun“ í 2. mgr. 9. gr. laganna fellur brott.
 8. *Lög um umhverfisábyrgð, nr. 55/2012:* Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ 1., 2. og 4. málsl. 2. mgr. 9. gr. laganna og sama orðs hvarvetna í öllum beygingarföllum annars staðar í lögnum og í I. viðauka laganna, kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.
 9. *Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004:* Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 1., 2. og 4. málsl. 2. mgr., 3. og 4. mgr. og 2. málsl. 5. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna í öllum beygingarföllum annars staðar í lögnum, að undanskildum ákvæðum til bráðabirgða I og II, kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.
 10. *Lög um uppyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009:* Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II í lögnum kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
 11. *Lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsinsins, nr. 73/1990:*
 - a. Á undan 1. mgr. 2. gr. laganna koma fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Umhverfis- og orkustofnun skal stuðla að því að rannsóknir séu gerðar á orkulindum og öðrum auðlindum hafsbotsinsins þannig að unnt sé að meta þær og veita stjórnvöldum ráðgjöf um skynsamlega og hagkvæma nýtingu þeirra. Umhverfis- og orkustofnun er heimilt að gera samninga við fyrirtæki eða stofnanir um slíkar rannsóknir. Leita skal staðfestingar ráðherra á samningum sem gerðir eru til lengri tíma en tveggja ára.
Umhverfis- og orkustofnun skal safna gögnum um orkulindir og aðrar auðlindir hafsbotsinsins og miðla upplýsingum til stjórnvalda og almennings.
Umhverfis- og orkustofnun skal vinna áætlun til langstímu um hagnýtingu orkulinda og annarra auðlinda hafsbotsinsins, sem skal vera hluti af áætlun um orkubúskap þjóðarinnar og hagnýtingu orkulinda og annarra jarðrænna auðlinda landsins, sbr. einnig lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og raforkulög.
Umhverfis- og orkustofnun skal stuðla að samvinnu þeirra sem sinna rannsóknum á orkulindum og öðrum auðlindum hafsbotsinsins og samræmingu á rannsóknarverkefnum.

- b. Í stað orðsins „Orkustofnunar“ í 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna og sama orðs hvarvetna í öllum beygingarföllum annars staðar í lögnum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.
 - c. Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 3. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
 - d. Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um tegund gagna um nýtingu á orkulindum og öðrum auðlindum hafssbotnsins, sem skylt er að afhenda Umhverfis- og orkustofnun skv. 3. mgr. 6. gr., gæði þeirra og skilafrest.
 - e. Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Til að sinna hlutverki skv. 2. mgr. 2. gr. er Umhverfis- og orkustofnun heimilt að krefjast gagna um nýtingu á orkulindum og öðrum auðlindum hafssbotnsins. Skylt er þeim sem stunda atvinnurekstur er varðar framangreint að afhenda stofnuninni nauðsynleg gögn innan frests sem hún tilgreinir. Sé gögnum ekki skilað innan tilgreinds frests er Umhverfis- og orkustofnun heimilt að leggja dagsektir á viðkomandi fyrirtæki eða stofnun. Dagsektir geta numið 10–100 þús. kr. á dag. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Ákvarðanir um að leggja á dagsektir eru aðfararhæfar. Sé sekt samkvæmt þessari grein ekki greidd innan mánaðar frá ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu. Óinnheimtar dagsektir, sem lagðar eru á fram að efndadegi, falla ekki niður þótt aðili efni síðar viðkomandi kröfu nema Umhverfis- og orkustofnun ákveði það sérstaklega. Innheimtar dagsektir skulu renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna.
12. *Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, nr. 14/1979:* Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 2. málsl. 4. gr. laganna kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
13. *Lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001:*
- a. Í stað orðsins „Orkustofnun“ fjórum sinnum í 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna í öllum beygingarföllum annars staðar í lögnum, þ.m.t. í fyrirsögnum greina, að undanskildu ákvæði 2. málsl. 3. mgr. 24. gr. og ákvæði til bráðabirgða II í lögnum, kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.
 - b. Orðið „Umhverfisstofnunar“ í 2. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.
 - c. 2. málsl. 3. mgr. 24. gr. laganna orðast svo: Í samráðshópnum skulu sitja 11 fulltrúar skipaðir af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Geislavörnum ríkisins, Hafrannsóknastofnun, Landhelgisgæslu Íslands, Náttúrufræðistofnun, Umhverfis- og orkustofnun, Samgöngustofu, Skipulagsstofnun og Vinnueftirliti ríkisins.
14. *Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum i jörðu, nr. 57/1998:*
- a. Á undan 1. mgr. 4. gr. laganna koma fimm nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Umhverfis- og orkustofnun skal stuðla að því að rannsóknir séu gerðar á orkuþúskap þjóðarinnar, á orkulindum landsins og á öðrum jarðrænum auðlindum þannig að unnt sé að meta þær og veita stjórvöldum ráðgjöf um skynsamlega og hagkvæma nýtingu þeirra.
Umhverfis- og orkustofnun er heimilt að gera samninga við fyrirtæki eða stofnunar um slíkar rannsóknir. Leita skal staðfestingar ráðherra á samningum sem gerðir eru til lengri tíma en tveggja ára.

Umhverfis- og orkustofnun skal safna gögnum um auðlindir samkvæmt lögum þessum og nýtingu þeirra og orkubúskap landsmanna, varðveita þau og miðla upplýsingum til stjórnvalda og almennings.

Umhverfis- og orkustofnun skal vinna áætlun til langs tíma um orkubúskap þjóðarinnar og hagnýtingu orkulinda og annarra jarðrænna auðlinda landsins sem og hafsbotsins, sbr. einnig lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins og raforkulög.

Umhverfis- og orkustofnun skal stuðla að samvinnu þeirra sem sinna rannsóknum á auðlindum í jörðu og samræmingu á rannsóknarverkefnum.

- b. Í stað orðsins „Orkustofnun“ tvívegis í 1. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna í öllum beygingarföllum annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.
- c. Orðið „Umhverfisstofnunar“ í 4. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.
- d. Við 21. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Til að sinna hlutverki skv. 1. mgr. er Umhverfis- og orkustofnun heimilt að krefjast gagna um nýtingu á auðlindum samkvæmt lögum þessum. Skylt er þeim sem stunda atvinnurekstur er varðar framangreint að afhenda stofnuninni nauðsynleg gögn innan frests sem hún tilgreinir. Í reglugerð skal kveða nánar á um tegund gagna, gæði þeirra og skilafrest. Sé gögnum ekki skilað innan tilgreinds frests er Umhverfis- og orkustofnun heimilt að leggja dagsektir á viðkomandi fyrirtæki eða stofnun. Dagsektir geta numið 10–100 þús. kr. á dag. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Ákvarðanir um að leggja á dagsektir eru aðfararhæfar. Sé sekt samkvæmt þessari grein ekki greidd innan mánaðar frá ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu. Óinnheimtar dagsektir, sem lagðar eru á fram að efndadegi, falla ekki niður þótt aðili efni síðar viðkomandi kröfu nema Umhverfis- og orkustofnun ákveði það sérstaklega. Innheimtar dagsektir skulu renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

15. *Lög um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989:* Í stað orðsins „Umhverfisstofnunar“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Umhverfis- og orkustofnunar.
16. *Lög um úrvinnslugjald, nr. 162/2002:* Í stað orðsins „Umhverfisstofnunar“ í 2. málsl. 6. mgr. og 8. mgr. 8. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur: Umhverfis- og orkustofnunar.
17. *Vatnalög, nr. 15/1923:* Í stað orðsins „Orkustofnunar“ í 2. málsl. 9. gr. laganna og sama orðs hvarvetna í öllum beygingarföllum annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.
18. *Lög um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011:*
 - a. Í stað orðsins „Orkustofnunar“ í 2. málsl. 3. mgr. 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna í öllum beygingarföllum annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.
 - b. Í stað orðsins „Umhverfisstofnunar“ í 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

19. *Raforkulög, nr. 65/2003:*
- Í stað orðanna „Orkustofnun“ og „Orkustofnunar“ í 3. gr. a laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögnum, þ.m.t. í fyrirsögn greina, kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.
 - Við 39. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Umhverfis- og orkustofnun skal safna gögnum um orkulindir og aðrar jarðrænar auðlindir, nýtingu þeirra og orkubúskap þjóðarinnar og landsmanna, varðveita þau og miðla upplýsingum til stjórnvalda og almennings, sbr. einnig lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsinsins.
Umhverfis- og orkustofnun vinnur áætlun til langs tíma um orkubúskap þjóðarinnar og hagnýtingu orkulinda og annarra jarðrænna auðlinda landsins, sbr. einnig lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsinsins.
 - Til að sinna hlutverki sínu skv. 2. mgr. er Umhverfis- og orkustofnun heimilt að krefjast gagna sem varða nýtingu á jarðrænum auðlindum, orkuframleiðslu og orkunotkun. Skylt er þeim sem stunda atvinnurekstur er varðar framangreint að afhenda stofnuninni nauðsynleg gögn innan frests sem hún tilgreinir. Í reglugerð skal kveða nánar á um tegund gagna, gæði þeirra og skilað innan tilgreinds frests er Umhverfis- og orkustofnun heimilt að leggja dagsektir á viðkomandi fyrirtæki eða stofnun. Dagsektir geta numið 10–100 þús. kr. á dag. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Ákvarðanir um að leggja á dagsektir eru aðfararhæfar. Sé sekt samkvæmt þessari grein ekki greidd innan mánaðar frá ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu. Óinnheimtar dagsektir, sem lagðar eru á fram að efndadegi, falla ekki niður þótt aðili efni síðar viðkomandi kröfu nema Umhverfis- og orkustofnun ákveði það sérstaklega. Innheimtar dagsektir skulu renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna.
 - Fyrirsögn 39. gr. laganna orðast svo: *Raforkuskýrsla o.fl.*
20. *Lög um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi, nr. 40/2013:* Í stað orðsins „Orkustofnunar“ í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna í öllum beygingarföllum annars staðar í lögnum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.
21. *Lög um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, nr. 98/2004:* Í stað orðsins „Orkustofnun“ í 1. málsl. 2. gr. laganna og sama orðs hvarvetna í öllum beygingarföllum annars staðar í lögnum, þ.m.t. í fyrirsögn greina, kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.
22. *Lög um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, nr. 53/1980:* Í stað orðsins „Orkustofnun“ í 1. málsl. 9. gr. og 1. málsl. 14. gr. laganna kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
23. *Lög um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002:* Í stað orðsins „Orkustofnun“ í 4. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna í öllum beygingarföllum annars staðar í lögnum, þ.m.t. í fyrirsögn greina, að undanskildu ákvæði til bráðabirgða III, kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.
24. *Orkulög, nr. 58/1967:* Í stað orðsins „Orkustofnunar“ í 2. mgr. 32. gr. laganna og sama orðs hvarvetna í öllum beygingarföllum annars staðar í lögnum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.

25. *Lög um Orkusjóð, nr. 76/2020:* Í stað orðsins „Orkustofnun“ í 3. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
26. *Lög um skattlagningu á kolvettisvinnslu, nr. 109/2011:* Í stað orðsins „Orkustofnun“ í 1. og 2. málsl. 5. mgr. 7. gr. laganna kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
27. *Lög um upprunaábyrgð á rasorku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl., nr. 30/2008:* Í stað orðsins „Orkustofnun“ í 6. tölul. 2. gr. laganna og sama orðs hvarvetna í öllum beygingarföllum annars staðar í lögnum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.
28. *Lög um virðisaukaskatt, nr. 50/1988:* Í stað orðsins „Orkustofnun“ í 3. málsl. 11. mgr. 42. gr. laganna kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
29. *Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980:* Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 4. málsl. 1. mgr. 51. gr., 3. mgr. 51. gr. a og 4. mgr. 80. gr. laganna kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
30. *Lög um almannavarnir, nr. 82/2008:* Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 4. gr. laganna:
 - a. Í stað orðsins „Umhverfisstofnunar“ í 2. tölul. kemur: Umhverfis- og orkustofnunar.
 - b. Orðin „Orkumálastjóri og“ í 4. tölul. falla brott.
31. *Lög um brunavarnir, nr. 75/2000:* Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 2. málsl. 4. mgr. 11. gr. laganna kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
32. *Lög um fiskeldi, nr. 71/2008:* Í stað orðsins „Umhverfisstofnunar“ í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. a laganna og sama orðs hvarvetna í öllum beygingarföllum annars staðar í lögnum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.
33. *Hafnalög, nr. 61/2003:*
 - a. Í stað orðsins „Umhverfisstofnunar“ tvívegis í f-lið 1. tölul. 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: Umhverfis- og orkustofnunar.
 - b. Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 3. málsl. 2. mgr. 21. gr. laganna kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
34. *Lög um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021:* Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 1. og 2. málsl. 6. mgr. 135. gr. laganna kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
35. *Skipalög, nr. 66/2021:* Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 2. málsl. 2. mgr. 37. gr. laganna kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
36. *Sóttvarnalög, nr. 19/1997:* Í stað orðsins „Umhverfisstofnunar“ í 2. mgr. 6. gr. laganna og sama orðs hvarvetna í öllum beygingarföllum annars staðar í lögnum, þ.m.t. í millifyrirsögn á undan 11. gr. laganna, kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.
37. *Lög um tóbaksvarnir, nr. 6/2002:* Í stað orðsins „Umhverfisstofnunar“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: Umhverfis- og orkustofnunar.
38. *Lög um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða, nr. 78/2019:* Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 11. gr. laganna:
 - a. A-liður orðast svo: Umhverfis- og orkustofnunar vegna orku- og hitaveitna og vatnsveitna.
 - b. E-liður fellur brott.
39. *Lög um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006:* Í stað orðsins „Umhverfisstofnunar“ í 2. málsl. 25. gr. laganna kemur: Umhverfis- og orkustofnunar.
40. *Lög um skeldýrarækt, nr. 90/2011:*
 - a. Orðið „Orkustofnunar“ í 1. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna og sama orð hvarvetna annars staðar í lögnum fellur brott.

- b. Í stað orðsins „Umhverfisstofnunar“ í 1. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur: Umhverfis- og orkustofnunar.
- 41. *Lög um skipulag haf- og strandsvæða, nr. 88/2018:* Í stað orðanna „Orkustofnun, Samgöngustofa, Umhverfisstofnun“ í 4. málsl. 6. gr. laganna kemur: Umhverfis- og orkustofnun, Samgöngustofa.
- 42. *Skipulagslög, nr. 123/2010:* Í stað orðsins „Umhverfisstofnunar“ í 4. málsl. 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: Umhverfis- og orkustofnunar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfsfólk Umhverfisstofnunar og Orkustofnunar sem er í starfi við gildistöku laga þessara og sinnir þeim verkefnum sem færast til Umhverfis- og orkustofnunar samkvæmt lögum þessum skal eiga forgangsrétt til starfa í Umhverfis- og orkustofnun þegar hún tekur til starfa. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

Starfsfólk Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar sem ráðið verður til starfa hjá Umhverfis- og orkustofnun heldur réttindum sem það hefur áunnið sér til námsleyfis og um lengdan uppsagnarfrest samkvæmt kjarasamningum þar sem miðað er við samfellt starf hjá sömu stofnun.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. er ráðherra heimilt að skipa forstjóra Umhverfis- og orkustofnunar við samþykkt þessara laga og skal hann vinna með umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu að því að undirbúa gildistöku laganna, þ.m.t. ráða starfsfólk til Umhverfis- og orkustofnunar.

Samþykkt á Alþingi 22. júní 2024.